

23

15. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun
á olíu og benzíni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „missiri í senn“ í 2. gr. laganna komi: þrjá mánuði í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

24

17. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenskt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, kr. 9.00—36.00 á ári eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Gjaldskylduafundur miðast við áramót.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. marz 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.